


## Hringvegur (1-a3/a4), um Síðu í Skaftárhreppi Fossálar – Breiðbalakvísl

Svör við umsögnum vegna könnunar á matsskyldu

---

Vegagerðin  
Desember 2023

Forsíðumynd er loftmynd frá Loftmyndum ehf, tekin árið 2021



**Mynd 1**

Staðsetning fyrirhugaðs framkvæmdsvæðis milli Fossáta og Breiðbalakvíslar. Grænar strikálínur sýna verndarsvæði.

# Athugasemdir umsagnaraðila og svör Vegagerðarinnar við þeim

---

Vegagerðinni hafa borist 6 umsagnir vegna könnunar á matsskyldu fyrirhugaðra framkvæmda á Hringvegi austan Kirkjubæjarklausturs. Þær eru frá:

- 1. Eldvötnum-samtökum um náttúruvernd í Skaftárhreppi, dags. 20.09.2023**
- 2. Minjastofnun Íslands, dags. 27.09.2023**
- 3. Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 02.10.2023**
- 4. Orkustofnun, dags. 02.10.2023**
- 5. Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, dags. 02.10.2023**
- 6. Umhverfisstofnun, dags. 3.10.2023**
- 7. Landsneti, dags. 16.10.2023**
- 8. Skaftárhrepp, dags. 20.10.2023**
- 9. Rarik, dags. 23.10.2023**

Umsagnir Náttúrufræðistofnunar Íslands, Orkustofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands krefjast ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaaðila og því er ekki fjallað nánar um þær hér.

Umsagnir frá Eldvötnum-samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Landsneti, Skaftárhreppi og Rarik krefjast viðbragða af hálfu framkvæmdaaðila.

Hér á eftir er fjallað um þau efnisatriði í umsögnum ofangreindra umsagnaraðila, sem þarfnast viðbragða að hálfu framkvæmdaaðila, og svör framkvæmdaaðila við þeim.

# 1 Umsagnir og svör framkvæmdaaðila við þeim

---

## 1.1 Eldvötn-samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Í umsögn Eldvatna kemur eftirfarandi fram:

- *Samtökin benda á að efnistökusvæði þarf að skoða vel m.t.t. þess hvort þar finnist ágengar tegundir. Ekki má undir nokkrum kringumstæðum nota jarðefni frá svæði sem smitað er af ágengum, framandi tegundum (t.a.m. Alaskalúpínu eða kerfli) og fara með inn á ósmitað svæði. Tímabært er, að mati samtakanna, að sýna mun ríkari ábyrgð hvað þetta varðar en til þessa hefur almennt tíðkast, en þess eru því miður fjölmörg dæmi, innan og utan okkar héraðs, að ágengar tegundir hafi borist inn á svæði í tengslum við m.a. vegagerð, og þarf að mati samtakanna að bæta vinnulag til að fyrirbyggja slíkt til framtíðar...Fari hins vegar svo illa að ágengar tegundir berist inn á svæði(ð) við framkvæmdina, þarf viðbragðsáætlun við því að vera klár, og þá eftirfylgni, enda geta þær sérlega auðveldlega dreift sér um röskuð svæði eins og nefnt er í áætluninni.*
- *Á bls. 40 í áætluninni er að finna lista yfir áherslur í umhverfismatsskýrslunni. Eldvötn benda á að á hann mætti bæta áhrifum á votlendi.*
- *Ferðapjónusta og útivist eru nefnd á allnokkrum stöðum í matsáætluninni, enda veigamikill þáttur í héraðinu. Á bls. 51 segir að Vegagerðin telji að ekki sé þörf á að gera sérstaka rannsókn á áhrifum framkvæmdarinnar á útivist og ferðamennsku. Að mati Eldvatna færi vel á að rökstuðningur fyrir þeirri ákvörðun fylgdi.*

### Svar Vegagerðarinnar

Sumarið 2023 voru náttúrufarsrannsóknir unnar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og m.a. voru efnistökusvæði afmörkuð rúmlega til að hægt væri að bregðast við ef niðurstöður rannsóknnaðila leiddu í ljós umhverfislega óhagstæð svæði.

Niðurstöður gróðurfarsrannsókna liggja ekki fyrir en þær munu leiða í ljós hvort, og þá hvar, ágengar tegundir finnast á svæðinu. Í samráði við rannsóknaraðila verður áhætta m.t.t. ágengra tegunda metin og sett upp vöktunaráætlun ef þörf reynist á.

Gróðurfarsrannsóknir fela í sér skrásetningu og mælingar á áhrifum framkvæmda á votlendi, og aðrar vistgerðir, og hefur umfjöllun um það í umhverfismatsskýrslu því verið í þeim kafla og fjallað ítarlega um áhrif framkvæmdarinnar á votlendi, auk umfjöllunar um votlendi í kafla um verndarsvæði. Áhersla rannsóknnaðila er að skrá

og greina mögulegt rask á gróðurlendum sem njóta verndar samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Varðandi ferðapjónustu og útivist á svæðinu liggja töluverðar upplýsingar fyrir, bæði á heimasíðu sveitarfélagsins og á vef Ferðamálastofu, sem og í nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Ferðamennskan á svæðinu felst í töluverðu gegnumstreymi ferðamanna. Með nýjum og breiðari vegi og tvíbreiðum brúm ættu áhrif á ferðamenn, sem og aðra vegfarendur, sem leið eiga um svæðið að verða jákvæð vegna aukins öryggis og greiðfærni. Einnig ættu þeir ferðamenn sem fara munu um núverandi veg (sem verður Síðuvegur nr. 21) að framkvæmdum loknum, vegna Fossála, Dverghamra og/eða Foss á Síðu eða vegna ferðapjónustu í Hörgslandskoti, að verða jákvæð vegna minni gegnumstreymisumferðar og aukins umferðaröryggis.

Þrátt fyrir að nýr vegur muni liggja á nýjum stað er ekki gert ráð fyrir að nýir áfangstaðir opnist á þeirri leið. Að austanverðu mun tenging frá nýjum vegi liggja að núverandi vegi skammt austan við malarplan við Fossála, sem var komið fyrir ofan vegar sumarið 2023. Í tengslum við fyrirhugaða framkvæmd verður malarplanið lagt bundnu slitlagi og fullhannað m.t.t. öryggis og aðgengis ferðamanna. Að vestanverðu verður nýr vegur tengdur núverandi vegi um miðja vegu milli núverandi brúar á Breiðbalakvísl og Kirkjubæjarklausturs.

## 1.2 Minjastofnun Íslands

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur eftirfarandi fram:

- *Minjastofnun gerir ekki athugasemd við matsáætlun en minnir á nauðsyn þess að fornleifar verði skráð á efnistökusvæðum, svæðum þar sem staðsetja á vinnubúðir og haugsetningasvæðum liggja þessi svæði utan skilgreinds rannsóknasvæðis Vegagerðarinnar.*

### Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin mun fá fornleifafraeðing til að fara yfir þau svæði sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni ef þau liggja utan rannsóknasvæðisins, þar með talin svæði undir vinnubúðir og aðstöðu verktaka, haugsvæði og skilgreind efnistökusvæði.

Allar minjar í nágrenni framkvæmdasvæðisins verða merktar vandlega og afmarkaðar áður en framkvæmdir hefjast. Umferð vinnuvéla verður bönnuð innan þeirra svæða. Þá verður varast að hafa vinnuskúra og/eða efnageymslur of nálægt fornleifum.

## 1.3 Umhverfisstofnun

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur eftirfarandi fram:

- *Í matinu skortir betri umfjöllun um vatnshlotin og möguleg áhrif framkvæmdanna á þau. Því skal framkvæmdaraðili gera mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlotin og hvort hætta sé á því að umhverfismarkmið náist ekki. Meðal annars þarf að huga að mengunarhættu vegna notkunar malbiks, tjöru og annarra efna. Í kafla 5.5. kemur fram að vegagerð, brúargerð og efnistaka geta haft tímabundin áhrif á vatnafar á svæðinu. Gera þarf grein fyrir því í hverju þessi tímabundnu*



áhrif felast en samkvæmt lögum um stjórn vatnamála og vatnaáætlunar má ástand vatnshlotanna ekki hraka.

- Framkvæmdin skal vera í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun Íslands 2022 – 2027.
- Fjalla þarf um lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun í matsáætluninni.
- Ef fram kemur að áætluð vegaf framkvæmd geti leitt til þess að umhverfismarkmið vatnshlota innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar náist ekki skal viðkomandi framkvæmdaraðili endurskoða framkvæmdaráætlun í því skyni að umhverfismarkmiðum verði náð. Innan áhrifasvæðis framkvæmdarinnar eru fjögur straumsvatnshlot, Rauðá/Merkislækur (103-553-R), Breiðbalakvísl/Geirlandsá (103-550-R), Fossálar (103-617-R), og Hörgsá 1 (103-920-R). Auk þess eru tvö grunnvatnshlot á svæðinu, Kaldbakur (103-180-G) og Suðursandar (013-296-G).
- Umhverfisstofnun telur að taka eigi námu E36 af lista yfir efnistökusvæði sem nýtt verða við framkvæmdina. Ástæðan er sú að Umhverfisstofnun og Vegagerðin lögðu mikla áherslu á að gengið væri frá námunni og efnistöku þar hætt. Náman er vel frágengin og bent hefur verið á að hér er um að ræða fallega fjallshlíð í fögru umhverfi sem ekki ætti að raska frekar. Vegagerðin og Umhverfisstofnun ásamt Landsvirkjun halda út heimasíðunni namur.is og þar leggja þessar stofnanir ríka áherslu á að hætta eigi efnistöku úr skriðum vegna þess að slíkar námur geta orðið mikið lýti og erfitt að ganga frá þeim svo vel sé. Því er talið best að hætta við efnistöku úr skriðum sérstaklega hér þar sem varla verður skortu á efni á aurum við nýja veglínu.

## Svar Vegagerðarinnar

Framkvæmdin verður í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála, reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og Vatnaáætlun Íslands 2022 – 2027.

Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um vatnshlotin og möguleg áhrif framkvæmdanna á vistfræðilegt ástand þeirra metin. Fjallað verður um grunnástand þeirra, vatnsformfræðilega þætti og efnafræðilegt ástand. Þá verður fjallað um og gerðar tillögur að mótvægisáðgerðum.

Hvað varðar lífríki vatnshlotanna hefur Hafrannsóknastofnun verið fengin til að rannsaka lífríki þeirra straumvatna sem framkvæmdirnar snerta.

Með ofangreindri umfjöllun ættu markmið í rammatilskipun Evrópusambandsins um verndun vatns (Directive 2000/60/ESB) að nást.

Varðandi námu E36 þá er efnistöku þar lokið að hálfu Vegagerðarinnar fyrir þó nokkru síðan og hún frágengin með vottun. Vegagerðin tekur undir að efnistaka úr skriðum sé ekki æskileg vegna sjónrænna áhrifa hennar. Efnistaka vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar hefur allsstaðar verið skilgreind úr áraurum á sléttlendi.

## 1.4 Landsnet

Í umsögn Landsnets kemur eftirfarandi fram:

- Landsnet telur mikilvægt að í umhverfismatinu verði lagt mat á áhrif framkvæmdar á rekstur flutningskerfis rafmagns á svæðinu. Það á einkum við um þverun og framkvæmdir innan helgunarsvæðis, útfærslu brúar yfir Fossála, staðsetningu og útfærslu áningarstaðar, efnistöku og legu vinnubúða sem og landmótun og uppgræðslu á svæðum nærri Prestbakkalínu 1.
- Í kafla 5.1.10 er fjallað um áhrif á heilsu og hljóðvist. Landsnet telur að einnig gæti átt við að meta áhrif framkvæmdar á afhendingaröryggi rafmagns og persónuöryggi á framkvæmdatíma.
- Áhrifasvæði loftlína vegna landnotkunar miðast við helgunarsvæði línunnar. Samkvæmt reglugerð um raforkuvirki nr. 678/2008 skal af öryggisástæðum skilgreina lágmarksfjarlægðir raflína til annarra mannvirkja. Helgunarsvæði loftlína er breytilegt og er ákvarðað í hverju tilviki eftir gerð mannvirkisins í samræmi við íslenska staðla. Breidd svæðisins fer m.a. eftir spennu, hæð mastra og bili milli mastra. Dæmigerð lágmarksbreidd helgunarsvæðis 132 kV háspennulína er 35-45 m, þ.e. 17,5 – 22,5 m til hvorrar hliðar. Innan helgunarsvæðis loftlína gildir byggingarbann þ.e. á því svæði er óheimilt að reisa mannvirki og skógrækt er takmörkunum háð, en ýmis önnur landnotkun er leyfð. Frekari upplýsingar um skipulag og framkvæmdir við háspennulínur er að finna í leiðbeiningabæklingnum *Háspennulínur – aðgát skal höfð 1*, sem er að finna á heimasíðu Landsnets.
- Mikilvægt er að framkvæmdir og landmótun hindri ekki aðgang að línunni vegna eftirlits, viðhalds og viðgerða. En það getur átt við aðgengi ýmissa vélknúinna tækja, allt eftir eðli verkefna. Landsnet bendir einnig á kortavefsja fyrirtækisins <https://www.map.is/landsnet/> en þar má sjá nákvæma legu háspennulína og tengivirkja. Einnig lætur fyrirtækið í té allar upplýsingar um línuna, sé þess óskað.
- Í kafla 5.5 er fjallað um fyrirliggjandi gögn sem stuðst verður við í matsvinnunni. Landsnet minnir á Kerfisáætlun2 fyrirtækisins sem gefin er út annað hvert ár. Unnið er að mótun Kerfisáætlunar 2023-2032.

## Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðinni er kunnugt um helgunarsvæði háspennulína. Minnsta fjarlægð Prestbakkalínu frá ystu mörkum framkvæmdasvæðis er við nýtt brúarstæði Fossála þar sem hún er tæplega 50 metrar. Annars staðar liggur framkvæmdasvæðið fjær línunni, ef frá er talinn vegkaflinn milli stöðva 6000-6500 á veglínu C þar sem hún þverar Prestbakka línu.

Í umhverfismatsskýrslu verður lagt mat á áhrif framkvæmdarinnar á rekstur flutningskerfis raforku á svæðinu, með áherslu á þá hluta framkvæmdarinnar sem verða innan helgunarsvæðis Prestbakkalínu eða í næsta nágrenni þess. Þá verður fjallað um afhendingaröryggi rafmagns og persónuöryggi á framkvæmdatíma.

Aðgengi Landsnet að Prestbakkalínu, bæði á framkvæmdatíma og að framkvæmdum loknum, verður tryggt og skipulagt í samráðsferli Vegagerðarinnar og Landsnets.

Vegagerðin mun verða í nánu samráði við Landsnet vegna þessa verks enda liggur það fyrir að ekki megi hefja vinnu nálægt flutningsvirki í rekstri nema heimild Landsnets liggi fyrir, sbr. kafla 2.5 í matsáætlun.

Vegagerðin mun bæta Kerfisáætlun Landsnet við fyrirbyggjandi gögn og þakkar aðrar ábendingar.

## 1.5 Skaftárhreppur

Í umsögn Skaftárhrepps kemur eftirfarandi fram:

- *Skipulagsnefnd leggur til að endanleg veglína verði unnin í samráði við landeigendur og sveitarfélagið.*

### Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin mun, eins og hingað til, hafa samráð við landeigendur á svæðinu og Skaftárhrepp við endanlega útfærslu á þeirri veglínu sem valin verður til framkvæmda.

## 1.6 Rarík

Í umsögn Raríks kemur eftirfarandi fram:

- *Sunnan við Dverghamar eru um 250m af loftlínu sem mun þurfa að færa vegna þessa. Fellur allur kostnaður af færslu loftlínu á framkvæmdaraðila verksins.*

### Svar Vegagerðarinnar

Vegagerðin er kunnugt um ofangreint atriði og mun hafa samráð við Rarík um allar línur í þeirra eigu.